

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2025 v. 2024

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Hellu.

Fundartími : Þriðjudagur 20. maí 2025, kl. 20:00.

Guðmundur Svavarsson, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn formlega. Bar upp tillögu þess efnis að hann sjálfur, tæki að sér að stjórna fundinum og að Einar Gylfi Harðarson riti fundargerð. Tillagan var samþykkt samhljóða. Guðmundur fór yfir boðun fundarins, ekki komu fram athugasemdir.

Mætt: Guðmundur Svavarsson formaður stjórnar, Hilmar Harðarson stjórnarmaður, Margrét Jóna Ísólfsdóttir stjórnarmaður, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Guðrún Elín Pálsdóttir, Jóhann Óskar Haraldsson endurskoðandi, Eydís Þ. Indriðadóttir, Kristján Pálmason, Hjörleifur Arnar Waagfjörð og Einar Gylfi Harðarson.

Gengið til dagskrár. Guðmundur Svavarsson stýrði fundi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar.

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs.

Frá miðju ári 2017 hefur verið í gildi samstarfssamningur við Frjálsa lífeyrissjóðinn um að vista og þjónusta þá sjóðfélaga sem kjósa að ráðstafa hluta iðgjaldsins í tilgreinda séreign. Sjóðfélögum er þó heimilt að vista séreignina þar sem þeir kjósa.

Hrein eign sjóðsins í árslok 2024 nam tæplega 23,4 milljörðum kr. og hækkaði frá fyrra ári um tæpa 3 milljarða kr. eða um 14,7%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2024 var 13.045. Alls greiddu að meðaltali 1.366 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu, sem er fjölgun á milli ára um 50.

Lífeyrisþegar voru að meðaltali 933 árinu en voru 899 árið 2023.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2024 var 5,17% samanborið við -1,21% raunávöxtun á árinu á undan og miðað við samræmda matsaðferð.

Eignir sjóðsins í erlendra mynt nema nú 32,79% af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í eignasafni sjóðsins, með jöfnum skrefum.

Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2024. Niðurstaða skoðunar er að virkni eftirlitskerfis er góð í meginatriðum varðandi þætti sem til skoðunar voru. Athugasemdir og ábendingar komu fram nú við úttektina og er unnið að úrbótum samkvæmt tímasettri áætlun þar um.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2024 liggur fyrir. Miðað er við sömu grunnforsendur og á árinu á undan, breytingar eru þó er varðar giftingar- og barneignalíkur. Niðurstaða úttektarinnar er að skuldbindingar sjóðsins eru hærri en heildareignir sem nemur 1,8%, staðan lagast töluvert á milli ára og er góð ávöxtun ársins aðal ástæðan.

Árið 2024 var almennt hagstætt þegar horft er til ávöxtunar eigna og mikið mun betra en síðustu tvö ár. Vel flestir eignaflokkar jákvæðri ávöxtun á árinu.

Sjóðfélögum fjölgar jafnt og þétt og er það ánægjuefni. Iðgjöld eru sömuleiðis að aukast í takti við fjölgunina. Aukningin er þó heldur hægari nú en áður og í takti við almenna stöðu efnahagsmála í landinu. Það er þó töluverð gróska á vinnumarkaði hér á félagssvæði sjóðsins og horfur á áframhaldandi vexti góðar.

Almenn starfsemi sjóðsins hefur gengið vel. Stjórnin fundaði alls 12 sinnum á árinu og fulltrúaráð sjóðsins 2 sinnum. Þjónusta við viðskiptavinum sjóðsins hefur gengið vel á tímabilinu og verið með hefðbundnu sniði.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2024 og Jóhann Óskar Haraldsson frá Deloitte kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. Kr. :

Iðgjöld	1.426.531
Lífeyrir	557.531
Hreinar fjárfestingartekjur	2.210.518
Rekstrarkostnaður	87.090
Breyting á hreinni eign á árinu	2.992.428
Hrein eign frá fyrra ári	20.401.798
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	23.394.226

Jóhann Óskar Haraldsson kynnti skýrslu endurskoðanda, hrein raunávöxtun hækkar á milli ára og er um 5,17% á árinu 2024 samanborið við -1,21% árið áður. Skýrist þetta fyrst og fremst af hærri ávöxtun á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum á árinu. Hækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er 2.987 millj. kr. og í árslok 2024 er hrein eign til greiðslu lífeyris 23.389 millj. kr. Raunhækkun hreinnar eignar á árinu er 8% og hækkar milli ára um 5,98% sem skýrist að mestu af betri ávöxtun fjárfestinga á árinu.



Iðgjaldaliðir hækkuðu um 144 milljónir kr. eða um 11,2% milli ára. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1.366 og fjölgaði um 50 eða 3,8% sem hefur áhrif á hækkun iðgjaldaliða. Einnig hefur áhrif að launavísitala hækkaði á milli ára. Lífeyrir og tengdir liðir hækka um 65 milljónir kr. eða um 13,2% milli ára. Meðalfjöldi virkra lífeyrisþega var 933 á árinu 2024 samanborið við 899 lífeyrisþega á árinu 2023, sem er 3,8% fjölgun. Liðurinn hækkar einnig í takt við hærri launavísitölu. Fjárfestingartekjur hækka um 883,9 milljónir kr. frá árinu 2023 eða um 64,8%. Munar þar mest um gengismun vegna betri ávöxtunar á verðbréfamörkuðum. Fjárfestingagjöld hækka um 7% á milli ára. Stærsti hluti fjárfestingagjalda er umsýslubóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka en 40% af umsýslubóknun er færð meðal fjárfestingagjalda. Önnur fjárfestingagjöld eru óveruleg. Rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 13,8 milljónir kr. eða 18,8%. 60% af umsýslubóknun sem greidd er til Arion banka er flokkuð meðal rekstrarkostnaðar. Hækkunina má einnig rekja til hærri kostnaður vegna aukins launakostnaðar vegna breytingar á ráðningarsambandi framkvæmdastjóra. Frá því í febrúar 2024 er framkvæmdastjóri í hálfu starfi hjá sjóðnum.

Eignarhlutar í félögum og sjóðum hækkuðu um 1.388 m. kr. á milli ára eða um 15,1%. Mesta hækkunin var í erlendum hlutdeildarskírteinum. Skuldabréfaeign sjóðsins hækkar um 1.411 milljónir milli ára eða 13,5%. Stærstu breytingarnar eru í öðrum skuldabréfum sem hækka um 785 milljónir króna milli ára. Bankainnistæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga hækka um 19,5 milljónir á milli ára eða 6,1 %. Handbært fé breytist milli ára eftir innlaun eignar og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Ráðstöfunarfé til fjárfestinga jókst meira en fjárfestingar ársins og sökum þess hækkar handbært fé sjóðsins. Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 4,9 milljarða króna en selt fyrir 3,4 milljarða króna. Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana og vaxta skuldabréfa og inngreiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 680 milljónir. Þar sem fjárfestingarhreyfingar ársins eru lægri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í hækkun á handbæru fé í árslok.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Engar fleiri spurningar komu fram eða athugasemdir gerðar við þennan lið.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Rangæinga var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Ávöxtun og þróun markaða 2024

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir þróun markaða á árinu 2024. Krónan stöðug, verðbólga að minnka og ágætis ávöxtun á helstu eignamörkuðum. Ávöxtun eignasafnsins á árinu 2024, nafnávöxtun um 10,5% og raunávöxtun um 5,5%. Framlag erlendra hlutabréfa vegur þýngst í ávöxtun safnsins. Meðalávöxtun sl. 28 ár er um 3% raunávöxtun. Ávöxtun síðustu þriggja ára þ.e. 2021, 2022 og 2023 var döpur og dregur meðaltalið niður. Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins og breytingar á milli ára. Fjárfestingastefna sjóðsins er enn tiltölulega varfærin þó svo að hlutfall erlendra eigna sé vaxandi. Hjörleifur fór yfir sundurliðun eignaflokka og stærstu eignir innan þeirra.

Hjörleifur fór yfir markaðinn það sem af er ári 2025. Árið fór ágætlega af stað fyrstu tæpa tvo mánuðina en síðan gerðist eitthvað vestanhafs og hlutabréfamarkaður fór niður á við. Hlutabréfamarkaðir hafa síðan verið sveiflukenndir það sem af er ári. Nafnávöxtun eftir fyrstu fjóra mánuði ársins er neikvæð upp á 2,4%.

Ekki komu fram spurningar eftir kynningu og yfirferð Hjörleifs.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram úttekt Bjarna Guðmundssonar tryggingafræðings sjóðsins fyrir árið 2024. Fór yfir almennar forsendur tryggingafræðilegrar úttektar og forsendur útreiknings og niðurstöður ársins fyrir sjóðinn.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru að raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega og að notast er við reiknilíkan Félags íslenska tryggingastærðfræðinga um lækkun dánartíðni til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að lífslíkur sjóðfélaga og réttihafa hafi árið 2016 farið eftir þeim lífslíkum sem notaðar voru við tryggingafræðilega athugun síðasta ár þannig að forsendur eru að mestu óbreyttar milli ára.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabila fram til loka 2024 kallast áfallnar skuldbindingar.

Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er áætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar og mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 48.160,3 milljónir kr. og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 49.018,5 milljónir kr. Eignir að frádregnum skuldbindingum reiknast því -858,2 milljónir kr., eða -1,8% af skuldbindingum.

Almenn ákvæði l. 129/1997 kveða á um að heimil séu 10% frávik fyrir stöðu á einstöku ári og 5% fyrir samfelldan mun í fimm ár. Staða sjóðsins er því innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar á milli ára en samsvarandi staða var -4,5% vegna ársins 2023.

Ekki komu fram spurningar eða umræður undir þessum lið.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Hjörleifur gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2025. Hann sagði frá vinnuferlinu, stefnan er tekin fyrir á þremur stjórnarfundum. Hjörleifur fór yfir þróun fjárfestingarstefnunnar síðustu árin en sjóðurinn hefur verið í vegferð frá því að gjaldeyrishöft voru afnumin að auka vægi erlendra eigna í stefnu og eignasafni sjóðsins, í varfærum skrefum. Sjóðurinn hefur einnig verið að auka við vægi hlutabréfa í stefnu og eignasafni sjóðsins frá árinu 2021. Hjörleifur benti á að ítarlegri upplýsingar væri að finna á vefsíðu sjóðsins.

5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

Próstur Sigurðsson framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir hluthafastefnu sjóðsins og benti á að hana væri að finna á vefsíðu sjóðsins. Um er að ræða óbreytta stefnu frá fyrra ári. Próstur fór yfir helstu þætti stefnunnar.

6. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna, samkvæmt samþykktum

Stjórnarkjör, Próstur fór yfir tilnefningar og tillögur að kjöri stjórnarmanna af hálfu aðildarfélaga.

Af hálfu SA liggur fyrir skipan á fulltrúum í stjórn sjóðsins.

Guðmundur Svavarsson er skipaður sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára eða til ársfundar 2027. *Fulltrúar atvinnurekenda á fundinum staðfesta þessa skipan.*

Þess má geta að Margrét Jóna Ísólfsdóttir var skipuð aðalmaður í stjórn, af hálfu SA, á síðasta ársfundi til tveggja ára eða til ársfundar 2026 og Drífa Hjartardóttir var skipuð sem varamaður af hálfu SA til ársfundar 2026.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands liggur fyrir tillaga um að Ólafía B. Ásbjörnsdóttir verði kjörin aðalfulltrúi í stjórn sjóðsins til ársfundar 2027. Ekki komu fram aðrar tillögur. *Fulltrúar verkalýðsfélaganna samþykktu þessa tillögu samhljóða.*

Sömuleiðis liggur fyrir að Guðrún Elín Pálsdóttir var kjörinn varamaður í stjórn á síðasta ársfundi til tveggja ára eða til ársfundar 2026.

Launanefnd

Af hálfu SA er lagt til að Eydís Þ. Indriðadóttir verði skipuð í launanefnd til tveggja ára eða til ársfundar 2027.

Tillagan er samþykkt af hálfu fulltrúa SA á fundinum.

Þess má geta að Óskar Pálsson var skipaður í launanefnd sjóðsins á ársfundi 2024 til ársfundar 2026.

Af hálfu VlfS var Guðrún Elín Pálsdóttir kjörin í launanefnd sjóðsins á ársfundi 2024, til tveggja ára, eða til ársfundar 2026.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Próstur fór yfir þær tillögur sem liggja fyrir.

Tillögurnar voru staðfestar af fulltrúaráði á fundi þann 16. apríl 2025 og voru sendar til aðildarfélaga til kynningar. Hafa legið frammi til kynningar fyrir sjóðfélaga á heimasíðu og skrifstofu sjóðsins.

Grein 5.4

Er :

- 5.4 Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráð tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á **og starfskjarastefna kynnt**. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.

Verður :

- 5.4 Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráð tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem rædd eru málefni sjóðsins, lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu kynnt. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða að fundur fulltrúaráðs að hausti sé opinn sjóðfélögum. Á fundi fulltrúaráðs í aðdraganda ársfundar skulu auk þess breytingar á samþykktum kynntar ef við á. Fulltrúar samtaka launamanna skulu jafnframt staðfesta tilnefningar frá tilnefningarnefnd á fulltrúum sjóðfélaga til stjórnar sjóðsins. Þá skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningu Samtaka atvinnulífsins til stjórnar sjóðsins.

Grein 11.9

Fella niður í heild sinni, tímabundið ákvæði :

- 11.9. **Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða 11.3. og 11.2. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 11.3. og 11.2. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 11.4.**

Grein 13.2

Er :

- 13.2. Óskertur makalífeyrir skv. grein 13.6. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 mánuði og síðan að hálfu í allt að 24 mánuði til viðbótar, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið.

Verður :

- 13.2. **Makalífeyrir skv.** grein 13.6. er ætíð greiddur eftirlifandi maka í minnst 36 mánuði og síðan að hálfu í allt að 24 mánuði til viðbótar, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið.

Grein 13.3

Er:

- 13.3. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagans nær 18 ára aldri, enda sé það á framfæri makans.

Verður :

- 13.3. Eftirlifandi maki fær þó ávallt greiddan **fullan** makalífeyri þar til yngsta barn sem var á framfæri sjóðfélagsins nær 18 ára aldri, enda sé það á framfæri makans.

Grein 13.4

Er :

- 13.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára.

Verður :

- 13.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur **fullur** makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki **yngri en 67 ára. Makalífeyrir á grundvelli örorku skal ekki greiddur eftir 67 ára hafi makalífeyrir verið greiddur í 60 mánuði eða lengur.**

Grein 13.6

Er:

- 13.6. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagsins, hvort sem gefur hærri rétt við fráfali. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.7. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
- a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - b. aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
 - c. hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa áunnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Verður:

- 13.6. **Full** makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagsins, hvort sem gefur hærri rétt við fráfali. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.7. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
- a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - b. aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
 - c. hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa áunnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Orðið var gefið laust um fyrirbyggjandi tillögur.

Ekki komu fram spurningar varðandi tillögur um breytingu á samþykktum sjóðsins. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarmanna um að bera upp tillögurnar í heilu lagi. Engar athugasemdir komu fram.

Framlagðar Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

8. Laun stjórnarmanna

Þröstur kynnti fyrirleggjandi tillögu frá launanefnd sjóðsins. Lagt er til að laun hækki um 6,9% fyrir næsta starfsár. Tillaga launanefndar um laun stjórnar LR, fyrir tímabilið júní 2025 til og með maí 2026, er því eins og kemur fram hér að neðan :

Laun stjórnarmanna

Almenn stjórnarlaun verði kr. 133.074 kr. á mánuði (hækkun um 6,9%).

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 166.343,- á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 199.611,- á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 66.537,- fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja.

*Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.
Tillagan var samþykkt samhljóða.*

9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álit endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggildur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði kjörinn endurskoðandi sjóðsins árið 2025.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.
Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

Kjósa ber utanaðkomandi aðila, fulltrúar utan stjórnar, í endurskoðunarnefnd á ársfundi.

Það liggur fyrir tillaga frá stjórn sjóðsins um óbreytta skipan endurskoðunarnefndar sjóðsins og þeir teljast allir utanaðkomandi, því ber að kjósa á ársfundi.

Tillagan er sú að Jón H. Sigurðsson, Guðmundur Einarsson og Heimir Hafsteinsson skipi endurskoðunarnefnd sjóðsins fyrir komandi starfsár. Tillagan er samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður einnig birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:25.

Fundarstjóri: Guðmundur Svavarsson

Fundarritari: Einar Gylfi Harðarson